

1 Fjárlaganefnd

2 Hið opinbera, ríki og sveitarfélög, standa frammi fyrir áskorunum vegna hárrar
3 verðbólgu og viðkvæmrar stöðu í heimsáttum. Halda þarf vel utan um opinberan
4 rekstur svo ríki og sveitarfélög verði í stakk búin til að takast á við óvæntar áskoranir
5 áföll í framtíðinni.

6 Þörf er á mikilli festu og aga í fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Markmið ríkisins á að
7 vera lág skuldastaða og hagkvæmur rekstur. Þannig er ríkissjóður best í stakk búinn til
8 að takast á við áföll. Markmiðið á að vera að lækka skuldir ríkisins sem hlutfall af
9 landsframleiðslu svo og að lækka lögbundið skuldahlutfall sveitarfélaga af tekjum. .
10 Sterk fjárhagsleg staða og agi er grundvöllur stöðugleika til framtíðar. Vegna ábyrgðar
11 sveitarfélaga á B-hluta, sem oft er í einokunarstarfsemi, verða sveitarfélög að gæta að
12 óhóflegri og ósjálfbærri skuldsetningu til rekstrar A-hluta sem á endanum er á ábyrgð
13 útsvarsgreiðenda. Sterk fjárhagsleg staða og agi í rekstri er grundvöllur stöðugleika til
14 framtíðar.

15 Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að forsenda góðrar þjónustu og öflugs
16 efnahagslífs sé jafnvægi í fjármálum hins opinbera. Svo það markmið náist er mikilvægt
17 að bæta alla áætlanagerð og tryggja að sú vinna byggji á traustum gögnum. Gögn
18 sveitarfélaga þurfa að vera samræmd þannig að heildstæð mynd náist af rekstri
19 sveitarstjórnarstigsins.

20 Jafnframt þarf að tryggja gagnsæi og samræmi upplýsinga um fjármál hins opinbera
21 þannig að fjölmiðlar og almenningur geti veitt aðhald með eðlilegum hætti. Uppgjör og
22 framsetning gagna einstakra stofnana ríkis og sveitarfélaga þarf að samræma sem mest
23 til að auðvelda samanburð og þar með aðhald.

24 **Opinber fjármál ríkis og sveitarfélaga**

25 Laun eru stærsti útgjaldaliður ríkis og sveitarfélaga. Almennur markaður á að leiða
26 launahækkunir og tryggja þarf að ríki og sveitarfélög séu ekki leiðandi í hækkunum

27 launa og annarra starfskjara. Launahækkanir verða að byggja á aukinni framleiðni og
28 geta ekki til lengri tíma grundvallast á aukinni skattheimtu og ríkisútgjöldum.

29 Innleiða þarf strangari fjármálareglur sveitarfélaga og samræma þær lögum um opinber
30 fjármál. Jafnframt þarf að setja takmörk á breytingu þjónustugjalda sveitarfélaga og
31 stofnana þeirra, þannig að gjöldin séu í samræmi við kostnað við að veita þjónustuna.

32 Mikilvægt er að tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga sé til reglulegrar endurskoðunar og
33 tryggt sé að sú skipting endurspegli raunverulegan kostnað þessara aðila við þau
34 verkefni sem lög fela þeim að sinna.

35 **Rekstur ríkis og sveitarfélaga**

36 Langtímajafnvægi í ríkisfjármálum og sterk fjárhagsstaða hins opinbera er ein
37 meginforsenda öflugs efnahagslífs, lágra vaxta og stöðugleika í gjaldeyrismálum. Nú sem
38 endranær þarf því að gæta aðhalds í útgjöldum ríkis og sveitarfélaga. Halda þarf aftur af
39 skuldasöfnun ríkissjóðs og mikilvægt er að það takist að lækka skuldir hins opinbera
40 jafnt og þétt. Óásættanlegt er að byrðum verði velt yfir á herðar komandi kynslóða.

41 Skerpa þarf stefnumótun í opinberum fjármálum þannig að tryggt sé að fjármunir
42 skattgreiðenda séu nýttir með hagkvæmum hætti og renni fyrst og fremst í lögbundna
43 þjónustu, til þeirra sem þurfa á henni að halda.

44 Þróa þarf betur árangursmælingar þannig að horfið sé frá því að mæla aðeins árangur í
45 útgjöldum en þess í stað teknir upp árangursmælikvarðar sem endurspeglu gæði þeirrar
46 þjónustu og ánægju þeirra sem hana þiggja.

47 Auka þarf á næstu árum fjármagn til uppbyggingar ýmissa innviða í íslensku samfélagi.
48 Nauðsynlegt er í þeirri uppbyggingu að nýta kosti einkaframtaksins í samstarfi við ríki
49 og sveitarfélög. Lífeyrissjóðir landsmanna þurfa að eiga möguleika á fjárfestingum í
50 arðbærum innviðaverkefnum. Mikilvægt er að skapa traustan ramma utan um slíkt
51 samstarf og tryggja þjóðfélagslega sátt um tekjuforsendur slíkra verkefna.

52 Gæta ber þess að ríki og sveitarfélög standi ekki í samkeppnisrekstri við einkaaðila og
53 stefna skal markvisst að því að ríki og sveitarfélög losi sig úr öllum slíkum rekstri.

54 Mikilvægt er að í þeim tilfellum þar sem ríki og sveitarfélög stunda samkeppnisrekstur
55 sé tryggt að eðlileg arðsemiskrafa sé gerð til fyrirtækja í eigu hins opinbera þannig að
56 slík fyrirtæki starfi í eðlilegu rekstrarumhverfi.

57 Mörk á milli reksturs ríkisins annars vegar og sveitarfélaga hins vegar þurfa að vera
58 skýr þannig að hægt sé að veita eðlilegt aðhald og ljóst sé hver beri ábyrgð á þeirri
59 þjónustu sem ber að veita.

60 Ríki og sveitarfélög eiga að leitast við að nýta tæknilausnir til að auka skilvirkni og veita
61 betri þjónustu með lægri kostnaði.

62 **Verðbólga**

63 Eitt helsta viðfangsefni fjármálastefnu hins opinbera er að styðja við peningamálastefnu
64 Seðlabanka Íslands og tryggja að almenn hagstjórn stuðli að lækkun verðbólgu og
65 efnahagslegum stöðugleika.

66 Verðbólga bitnar verst á þeim sem minnst hafa milli handanna en auk þess dregur
67 verðbólga úr verðmætasköpun þegar til lengri tíma er litið. Mikilvægt er að ná tökum á
68 verðbólgunni og tryggja þannig í sessi þann kaupmátt sem áunnist hefur á undanförunum
69 árum.

70 Markmiðið er að verðbólga sé innan þeirra marka sem Seðlabanki Íslands setur og allar
71 ákvarðanir eiga að miða að því markmiði.

72 Í ljósi þess hversu þungt húsnæðismarkaður vegur í mælingum á verðbólgu er
73 mikilvægt að skipulagsyfirvöld, einkum sveitarfélögin, tryggi framboð byggingarlands
74 og þar með að framboð af nýju húsnæði sé í samræmi við eftirspurn. Jafnframt er það
75 skylda sveitarfélaga að tryggja lóðaframboð þannig að ungt fólk og tekjulítið eigi
76 möguleika á því að koma sér upp eigin húsnæði.

77

78 **Lækkun skatta og opinberra gjalda**

79 Samkeppnishæfni Íslands á alþjóðlegum vettvangi er grundvallarforsenda fyrir bættum
80 lífskjörum. Eitt af lykilatriðum til þess að efla samkeppnishæfni Íslands er að lækka
81 skatta á einstaklinga og fyrirtæki.

82 Skattkerfið hefur tekið jákvæðum breytingum undir forystu Sjálfstæðisflokksins og
83 fagna ber þeim áföngum sem þegar hafa náðst.

84 Lækka þarf virðisaukaskattshlutfallið og einfalda virðisaukaskattkerfið Lækka þarf
85 tekjuskatt á einstaklinga og íþyngjandi gjöld eins og tryggingagjaldið enn frekar á

86 fyrirtæki. Mikilvægt er að endurmeta reglulega leiðir og aðferðir til að koma í veg fyrir
87 skattaundanskot.

88 **Útvistun verkefna**

89 Skoða þarf hvað af þeim verkefnum sem nú eru á hendi ríkis og sveitarfélaga væri betur
90 fyrir komið hjá öðrum aðilum. Ríki og sveitarfélög hafa fjölmörg tækifæri til að færa
91 þjónustu yfir til einkaaðila og tryggja um leið betri þjónustu og jafnræði borgaranna
92 óháð efnahag og búsetu. Leggja þarf áherslu á að forgangsraða verkefnum og gera þarf
93 notendum opinberrar þjónustu kleift að velja veitanda þjónustunnar óháð
94 rekstrarformi, þar sem því verður viðkomið.

95 Í stað þess að fjölga opinberum störfum eiga ríki og sveitarfélög að fela einkaaðilum að
96 taka að sér verkefni og stuðla að nýsköpun í opinberri þjónustu með auknu
97 kostnaðarhagræði og bættu þjónustuframboði.

98 Ein forsenda þess að bæta nýtingu þeirra fjármuna sem skattgreiðendur verja til
99 verkefna hins opinbera er að einkaaðilar komi í ríkari mæli að því að veita opinbera
100 þjónustu. Framþróun og nýjungar ásamt hagkvæmari lausnum eru knúnar áfram af
101 samkeppni, hugviti og framtakssemi einstaklinga. Skattgreiðendur eiga rétt á því að
102 ætíð sé leitað bestu leiða til að tryggja sem best gæði opinberrar þjónustu.

103 Fyrirtæki á vegum ríkis og sveitarfélaga eiga að hafa að meginreglu að bjóða út
104 verkefni. Fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga og stofnanir sem heyra þar undir, eiga ávallt að
105 velja það sem fyrsta kost að bjóða út verkefni og ætíð að kanna hvort þjónustunni sé
106 betur farið í höndum einkaaðila.

107 Koma þarf í veg fyrir að útgjöld vegna tímabundinna verkefna verði að varanlegum
108 útgjöldum ríkisins og þar með hærri álögum á einstaklinga og fyrirtæki til lengri tíma.

109 **Sala ríkiseigna, eigna sveitarfélaga og útvistun verkefna sveitarfélaga**

110 Áframhald verði á sölu eigna ríkis og sveitarfélaga þar sem því verður við komið.
111 Tryggja þarf að sala eigna ríkis og sveitarfélaga sé þannig framkvæmd að öllum kröfum
112 um gagnsæi og jafnræði sé fullnægt á sama tíma og að sem hæst verð fái fyrir
113 eignirnar. Sala á eignum hins opinbera leysir úr læðingi nýsköpun, bætir þjónustu og
114 aflar tekna.

115

116 Eftirfarandi rekstur og fyrirtæki á ríkið að setja í forgang að koma í söluferli eða leggja
117 af:

- 118 ○ Íslandsbanka og Landsbankann: Ríkið á ekki að vera í áhættutöku og
119 samkeppnisrekstri á fjármálamarkaði.
- 120 ○ Áfengis og tóbaksverslun ríkisins: Það er tímaskekkja að ríkið standi í rekstri
121 smásöluverslana
- 122 ○ Íslandspóstur: Umhverfi póstpjónustu hefur breyst mjög mikið síðustu áratugi
123 og tímabært að endurskoða hlutverk ríkisins á þessum vettvangi.
- 124 ○ Ríkisútvarpið: Tilgangur og hlutverk Ríkisútvarpsins hefur breyst. Mikilvægt
125 er að endurskoða forsendur og umfang núverandi rekstrarfyrirkomulags með
126 það að markmiði að kanna hvort rekstrinum sé að öllu leyti eða hluta til betur
127 komið í höndum einkaaðila.
- 128 ○ Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf.: Endurskoða þær fjárfestingar sem tilheyra
129 félaginu og eru betur komnar í höndum einkaaðila.
- 130 ○ Rekstrareiningar flugstöðva, þar sem það á við.
- 131 ○ Sala á jörðum og lóðum þar sem því verður við komið.